

344. – Stjórnarfundur LEB 28. júní 2021
kl. 12.00 – 13.30 – Fundurinn haldinn í Ármúla 6

Mættir:

Aðalstjórn – Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir (fjarfundi), Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn – Ásgerður Pálsdóttir (fjarfundi) og Ragnar Jónasson.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Borin upp og samþykkt.

2. Verkefni vegna aðgerða í áherslumálum eldra fólks, ágúst/september

a. Eftir fundarlotu með fulltúum flokka á Alþingi var rætt um að halda viðræðunum áfram og kynna fyrir nýjum flokkum og frambjóðendum þeirra atriðin 5 sem áherslan hefur verið sett á fyrir kosningar 25. september.

b. Fundur fólksins verður í *Norræna húsinu þann 3. – 4. september og þar gefst okkur tækifæri á þátttöku með einhverjum hætti sem fer í vinnslu.*

c. Héraðsfundir

Hugmynd er um að halda fundi í héraði og ef af verður munu stjórnarmeðlimir LEB skipta sér út á land til að halda fundi með þeim.

d. Annar umgangur á stjórnsmálaflokka - ungliðarnir?

Dagur unga fólksins – hugmynd um að ath. ungliðahreyfingar og fá þær til að ræða málefni afa og ömmu.

e. Málflutningur í máli Gróa hersins 7. sept.

Ýmsar hugmyndir ræddar varðandi aðgerðir til að vekja athygli á því máli, en ekkert ákveðið að svo stöddu.

3. Önnur mál

Nýr starfsmaður tekur til starfa 1. júlí til að leysa Viðar af í sumarfrí.

Kjaranefnd LEB – tillaga um að fjöldi í kjaranefnd verði 5 manns og þau skipi Jóna Ósk, Jón Ragnar, Ásgerður, Sigurbjörg og Þorbjörn sem aðalmenn. Varamenn Ingibjörg H. Sverrisd. og einn til viðbótar þannig að þeir verði 2.

Fundi slitið kl. 13.30

Fundargerð ritaði Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Samþykkt á stjórnarfundum – fjarfundur, þriðjudag 10. ágúst 2021

